

Sp.

163. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur samkvæmt venju unnið að undirbúningi tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur forstjóri Skipa-útgerðar ríkisins unnið með nefndinni að öflun upplýsinga um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Vegna verulega aukins rekstrarkostnaðar flóabátanna eins og annarra samgöngutækja á yfirstandandi ári hefur nefndin ekki komið hjá því að leggja til, að framlög til þeirra þarfa, sem hér um ræðir, hækki nokkuð frá því, sem fjárlög ársins 1963 gera ráð fyrir.

Um rekstur hinna einstöku flóabáta vill nefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Norðurlandsbátsins „Drangs“ hækki úr 800 þús. kr. í 900 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að framlag til Strandabáts verði 160 þús. kr., og er þá miðað við, að báturinn haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eigi styttri tíma en 6 mánuði ársins.

Framlag til Haganesvíkurbáts er einnig óbreytt, framlag til Hríseyjarbáts hækkar um 5 þús. kr. og stuðningur við flugferðir til Grímseyjar er aukinn um 5 þús. kr. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda er hækkaður um 15 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur, en heildarstyrkur til Mjóafjarðarbáts verði 150 þús. kr., þar af 50 þús. kr. vegna vélakaupa. Þá er lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar til rekstrar snjóþvottreiðar, er haldi uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Þá er lagt til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 30 þús. kr., upp í 300 þús. kr.

Framlag vegna vöruflutninga til Örefa hækki um 10 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur vegna mjólkurflutninga til Vestmannaeyja verði 200 þús. kr., eins og er á þessu ári.

Skipaútgerð ríkisins annast, eins og kunnugt er, rekstur Vestmannaeyjaskipsins Herjólf, sem flytur m. a. mjólk til kaupstaðarins.

Faxaflóasamgöngur.

Forráðamenn Skallagríms h.f., er rekur m.s. „Akraborg“, hafa óskað verulega aukins stuðnings vegna hallarekstrar skipsins. Var nefndin sammála um, að ekki

yrði hjá því komið að koma til móts við þessar óskir. Leggur hún til, að styrkurinn verði hækkaður um 300 þús. kr. eða í 1250 þús. kr.

Framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Óhjákvæmilegt var talið að hækka framlag til Flateyjarbáts á Breiðafirði um 20 þús. kr. vegna erfiðrar afkomu útgerðar hans. Af framlaginu til hans er gert ráð fyrir, að 20 þús. kr. verði varið til þess að styrkja vetrarferðir, sem Bjarni Hákonarson í Haga annast af Barðaströnd yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. En til þess að halda uppi slíkum ferðum hefur verið útbúin beltadráttarvél í stað snjóhíls, sem áður var í förum um Barðastrandarhrepp, en hefur nú verið seldur burt. Verður að telja eðlilegt, að sá styrkur, sem ætlaður var til rekstrar snjóhílnum, verði veittur til fyrrgreindra vetrarferða.

Lagt er til, að framlag til Stykkishólmsbáts hækki um 175 þús. kr., þar sem afkoma hans hefur á þessu ári verið mjög erfið.

Þá er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur.

H.f. Djúpbáturinn hefur nú fengið nýtt og myndarlegt skip til ferða sinna um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Allþung skulda- og vaxtabyrði hvílir á fyrirtækinu fyrst í stað. Hefur það því sótt um mikla hækkun rekstrarstyrks.

Nefndin fellst einróma á að hækka framlagið til Djúpbátsins mjög verulega. Er lagt til, að það verði 1250 þús., og er það 450 þús. kr. hærra en á þessu ári. Nefndin telur, að reynsla verði að fást af rekstri hins nýja flóabáts, og ætti vitneskja að liggja fyrir um hana næst þegar tekin verður ákvörðun um framlög til þessara mála.

Framlög til Patreksfjarðarbáts, Dýrafjarðarbáts og Skötufjarðarbáts eru óbreytt.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjarveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1964 kr. 6 000 000.00, og er það 1200 þús. kr. hærra en á yfirstandandi ári.

Leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbátur og Drangur	kr.	900 000
2. Strandabátur	—	160 000
3. Haganesvíkurbátur	—	25 000
4. Hríseyjarbátur	—	35 000
5. Grimsey, vegna flugferða	—	25 000
6. Flateyjarbátur á Skjálfaða	—	65 000
7. Loðmundarfjarðarbátur	—	50 000
8. Mjóafjarðarbátur og framlag til snjóbílfreiðar	—	150 000
Sami vegna vélakaupa	—	50 000
9. Til vöruflutninga á Suðurlandi	—	300 000
10. Til vöruflutninga til Örnefa	—	140 000
11. Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	—	200 000
12. H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	—	1 250 000
13. Mýrabátur	—	5 000
14. Flateyjarbátur á Breiðafirði — „Konráð“	—	310 000
15. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	—	975 000
16. Langeyjarnesbátur	—	60 000
17. Djúpbátur — „Fagranes“	—	1 250 000
18. Dýrafjarðarbátur	—	15 000

19. Patreksfjarðarbátur	kr.	20 000
20. Skötufjarðarbátur	—	15 000

Samtals kr. 6 000 000

Alþingi, 18. des. 1963.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Ásgeir Bjarnason.	Bjartmar Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.	Jónas Pétursson.	Björn Pálsson, með fyrirvara.
	Sigurvin Einarsson.	